



21. maí 2025

## Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um viðskiptabann gagnvart Ísrael

Almenningur í Palestínu hefur mátt þola ólýsanlegar þjáningar í tengslum við ólögmætt árásar- og landvinningastríð Ísraels á Gaza, s.l. tæp tvö ár. Nú er svo komið að Ísraelsher hefur lokað fyrir alla neyðaraðstoð og matarflutninga inn á Gazasvæðið og heimurinn horfir upp á um tvær milljónir manna, þar af stórum hluta börn, sveltar hægt og bítandi til dauða. Í mars árið 2024 komst Alþjóðadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Ísraelsríki sé líklega (e. *plausible*) að fremja þjóðarmorð og í júlí á sama ári, úrskurðaði sami dómstóll að herseta Ísraels á palestínsku landi væri ólögleg.

Miðstjórn hefur þegar sent frá sér þrjár ályktanir í tengslum við átökin<sup>1</sup> á sama tímabili þar sem óhæfuverk Ísraels hafa verið fordæmd og kallað hefur verið eftir raunverulegum aðgerðum af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Þann 9. maí samþykkti norska alþýðusambandið (LO) róttæka ályktun um Palestínu<sup>2</sup> á þingi sínu. Yfirlýsingunni svipar mjög til þeirra sem miðstjórn ASÍ hefur sent frá sér um sömu mál undanfarið.

- Krafist er sniðgöngu á Ísrael vegna hernaðaraðgerða landsins í Palestínu
- Þess er krafist að norski lífeyrissjóðurinn (Statens pensjonfund utland), fyrirtæki og fjármálastofnanir hætti öllum viðskiptum við fyrirtæki sem styðja við ísraelska hernámið.
- Krafa er um lagasetningu sem banni viðskipti og fjárfestingar í Ísrael.
- LO krefst þess að norska ríkið beiti sér á virkan hátt til þess að binda enda á hernám Ísraels og umsátrið við Gaza.
- Verði hernáminu ekki lokið fyrir september 2025 (í samræmi við niðurstöðu Alþjóðadómstólsins), mun LO beita sér fyrir því að Noregur taki frumkvæði að alþjóðlegri efnahagslegri sniðgöngu gegn Ísrael.

Miðstjórn ASÍ telur fulla ástæðu til þess að taka undir gagnrýni og kröfur LO í Noregi og gerir það með þessari ályktun.

Á sama tíma er full ástæða til þess að fordæma ákvörðun Ríkiskaupa um að endurnýja samninga við ísraelska greiðslumiðlunarfyritækið Rapyd til tveggja ára, þrátt fyrir áberandi ákall frá stórum hluta almennings um hið gagnstæða og þrátt fyrir yfirlýstan stuðning forsvarsmanna fyrirtækisins við þær aðgerðir Ísraelshers sem Alþjóðadómstóllinn hefur lýst sem líklegu þjóðarmorði.

Lýsa má yfir ánægju með frumkvæði forsætisráðherra, Krístrúnar Frostadóttur, að leiða saman ríki sem taka vilja afstöðu gegn yfirstandandi herför Ísraela gegn mannúðinni, en gera þarf margfalt meira, og tafarlaust. Tíminn vinnur ekki með sveltandi börnum.

Alþýðusamband Íslands kallar eftir því að allar mögulegar leiðir verði reyndar til þess að binda enda á það martraðarástand sem ríkir fyrir botni Miðjarðarhafs og til þess að Palestínumenn megi njóta fullra mannréttinda og virðingar til jafns við aðra í heimalandi sínu.